



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Klömbrum

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klömbrum verði breytt úr 75 börnum í 95 börn.

Greinargerð

Leikskólinn Klambrar, Háteigsvegi 33, er fjögurra deilda leikskóli þar sem leyfi er fyrir 75 börn. Bætt var við fleiri deildum í sama húsnæði og í ágúst 2025 var stækkun um tvær deildir tilbúin og hægt að fjölga börnum í 95.

Leikskólinn Klambrar fer því úr að vera 4 deilda skóli með 75 börnum í 6 deilda skóla með 95 börn í ágúst 2025. Búið er að bjóða í öll þau pláss sem bættust við.

Fjöldi deilda og barna yrði eftir stækkunina eftirfarandi:

Aðalhús	4 deildir	75 börn	
Viðbótardeildir	2 deildir	20 börn	aukning um 20 börn
Samtals		95 börn	

Við þessa stækkun er lagt til að rekstrarleyfi Klambra fari úr 75 börnum yfir í 95 börn.

Umsögn frá foreldraráði liggur fyrir.

